

Við undirritaðar starfsmenn á Leikskólanum Víðivöllum (leikskólakennarar, þroskaþjálfar, háskólamenntaðir starfsmenn og leiðbeinendur) erum uggandi yfir þeim breytingum sem munu verða á starfinu okkar.

Að setja á sumaropnun leikskóla þvert á vilja starfsfólks og án þeirra samstarfs finnst okkur alveg ótækt. Að vísa til svara í foreldrakönnun um vilja foreldra teljum við vera gagnrýnivert. Spurt var „Myndir þú vilja ráða hvenær þitt barn fer í sumarfrí?“ Það var engin útskýring á hvað þessi breyting felur í sér en þessi breyting þýðir að faglegt starf fellur niður í að minnsta kosti þrjá mánuði og leikskólinn breytist í gæsluvöll. Þeir foreldrar sem við höfum heyrt í eru flestir ósáttir við þetta og segja að þeir hefðu átt að fá betri skýringu á því hvað fælist í að hafa leikskólann opinn allt sumarið.

Það er mikilvægt að hafa meira í huga en að hafa bara leikskólann opinn. Starfið okkar er nú þegar nógu strembið með allri þeirri undirmönnun sem nú er til að við getum leyst allt sumarið líka. Við vonum að þið gerið ykkur ljóst að við erum að fást við lifandi einstaklinga á viðkvæmu mótunarskeiði, ekki pappír sem hægt er að setja til hliðar. Það er ekki hægt að fylla leikskólana af ungu og óreyndu fólki til að leysa okkur af allt sumarið, þau geta ekki tekið ábyrgðina. Ein deild með sex starfsmönnum á 180 daga í sumarfrí sem þarf að leysa. Ef lokað er í fjórar vikur eru dagarnir 60 sem þarf að leysa. Einnig er mjög mikil sérkennsla hér á Víðivöllum. Færni barns þarf að efla með reglulegri þjálfun. Börn eru með ólíkan bakgrunn og þurfa reglu og festu. Hvernig hafið þið hugsað ykkur að leysa það? Barn sem er með stuðning og sérhæfðan þjálf gæti lent í því að hitta ekki þjálfann sinn í allt að 10 vikur, sem er mjög miður. En þannig gæti farið ef sumarfrí raðast þannig. Það er ekki hver sem er sem getur stokkið inn í þjálfun, og umönnun barns með sértækan stuðning. Þá getur farið svo að börn og foreldrar hitti hvorki deildarstjóra né hópstjóra barns í allt að tíu vikur, sem okkur finnst óásættanlegt.

Ofan á þessar áhyggjur bætist stytting vinnuviku með öllum þeim vandræðum sem því fylgir. Með engum föstum samræmdum reglum, og hver skóli þarf að finna út úr fyrir sig. Þetta veldur pirringi og samanburði milli skóla og ýmsum leiðindum og ágreiningi. Einnig hefur þessi breyting valdið streitu meðal starfsfólks sem spyrja sig í sífellu „Hver á að fara heim? Kemst ég heim? Hvaða börnum eigum við þá að sleppa að sinna?“

Samanburður við leikskóla í nágrennasveitafélögum er okkur mjög óhagstæður á allan hátt. Ekki aðeins launin heldur allur aðbúnaður, skilningur á mikilvægi starfsins og viðmót við starfsfólk.

Ein regla sem hefur verið sett á er að starfsmenn verða að klára allt sumarfrí innan tímabilsins 15. maí til 1. sept og ekki er leyfilegt að geyma daga sem til dæmis mætti nýta í vetrarfrí með grunnskólabörnum eða annað utan þess tíma. Við viljum því spyrja: Á þetta við alla starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og er farið eftir þessu? Fer enginn af æðri mönnum í frí utan þessa tíma?

Það er mikil reiði í starfsfólki leikskóla Hafnarfjarðar, þá sérstaklega fólkinu sem er með langa starfsreynslu og ætlar það ekki að láta bjóða sér meir. Margir stefna á að hætta í vor og aðrir eru að velta því fyrir sér. Er ykkur virkilega alveg sama þó stór hópur hætti í vor og hverfi annað með alla sína þekkingu og reynslu?

p.s. Afrit af þessu bréfi verður einnig sent á Fjarðarfréttir, Hafnfirðing og Vísi þar sem mjög villandi grein var birt af formanni fræðsluráðs um samráð við starfsmenn um sumaropnun var birt.

Sigrún Baldursdóttir	1802597169
Helena Dögg Olgeirsdóttir	3010804179
Sylwia Baginska	0509832779
Hlíf Kvaran Brynjarsdóttir	3009842239
Renata Rucinska	0507863669
Rakel Malmquist Halldórsd.	1207775809
Rúna S. Örlygsdóttir	0710714999
Lucyna Bogdan	1508602109
Helga Lára Kristinsdóttir	280298-2209
Sigríður Áslaug Björnsdóttir	070498-2789
Eyrún Edvardsdóttir	220188-2059

Sara Líf Baldvinsdóttir	031198-2089
Theódóra Ingibergsdóttir	250793-2199
Póra Hjördís Þorsteinsdóttir	061277-4129
Sóley Guðmundsdóttir	270586-2289
Hrönn Sigurjónsdóttir	2801544239
Elzbieta Trojanowska	230571-2799
Dorota Domisz	170772-2889
Hjordis Elva Ingvadottir	3011632909
María Kristjánsdóttir	171080-5769
Jónína Auður Hilmarsdóttir	020972-4089
Saga Jónsdóttir	240278-4219
Nína Edvardsdóttir	030764-5879
Erna Rósa Eypórsdóttir	141086-6189
Cecilia Graciela Duif	190983 2859